

Terra Efnaeyðing hf.
Berghellu 1
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 21. september 2021
UST202109-153/S.M.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 4. febrúar 2020 þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri áætlun um úrbætur vegna fráviks er fram kom í eftirliti stofnunarinnar hjá Terra efnaeyðingu hf, Hafnarfirði þann 6. desember 2019. Þann 18. febrúar 2020 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávik er eftirfarandi:

- 1. Viðauki III reglugerðar nr. 1061/2018 um raf- og raftækjaúrgang .** (Bráðabirgða)geymslustaðir raf- og rafeindatækja skulu varðir vatni og vindum. Raftæki eru geymd í opnum bömbum utanhúss á meðan þau bíða þess að vera sett í lokaða gáma til útflutnings. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður komið upp einum eða fleiri lokuðum skipagámum til tímabundinnar geymslu raftækja eigi síðar en 15. maí 2020 . Jafnframt og til vara verði til staðar dúkar og/eða segl til yfirbreiðslu þar sem það hentar. Loks verður skýli byggt en það verði gert með þeim hætti að þak verði byggt á milli tveggja 40 feta gáma sem veiti skjól sem til þarf. Þeirri framkvæmd verði lokið fyrir 30. september 2021.**

Þann 9. september sl. barst uppfærð úrbótaáætlun frá rekstraraðila Fram kom að tafir hefðu orðið á málinu vegna umsóknar um byggingaleyfi og grenndarkynning þyrfti að fara fram áður hafist væri handa við framkvæmdina. Rekstraraðili óskaði því eftir fresti til reisingar skýlisins til 31. desember 2021.

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna fráviksins verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikki ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur